



240. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands kjörtímabilið 2014-2018, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, mánudaginn 20. apríl 2015 kl. 16.

Mætt:

Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari B. Thorarensen, Ísólfur Gylfi Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Ársreikningur 2014.

Bjarni Jónsson, endurskoðandi, sat fundinn undir þessum lið. Bjarni kynnti reikninginn og fór yfir helstu tölur. Ársreikningurinn var borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða. Stjórnin óskar eftir að fá nánari greiningu á tekjum, sem hafa lækkað á milli ára og eru lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

2. Kirkjuferjuháleiga: Ábyrgðaryfirlýsing.

Sorpstöð Suðurlands bs, kt. 420481-0719, Austurvegi 56, Selfossi ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðarins að Kirkjuferjuháleigu, Ölfusi, sbr. 60. og 61. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Sorpstöðvar Suðurlands er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/203 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.

3. Kirkjuferjuháleiga: Endurskoðuð lokunaráætlun.

Lokunaráætlun var lögð fram. Umhverfisstofnun hefur samþykkt tillögur stjórnar SOS að breytingum.

4. Kirkjuferjuháleiga: Drög að samningi um umsjón og vöktun við Eflu.

Stjórn samþykkir að semja við Eflu um vöktun urðunarstaðar.

5. Umhverfisstofnun: Staðfesting á úrbótum.

Lögð fram tilkynning UST um að eftirfylgnimáli sé lokið.

6. Samráðsnefnd sorpsamlaganna: Fundargerð frá 13. mars s.l.

Lagt fram.

7. Nessandur: Svarbréf Sveitarfélagsins Ölfuss.

Í bréfinu kemur fram að Nessandur úr landi Ness komi ekki til greina sem urðunarstaður fyrir sorp.

Afgreiðsla bæjarstjórnar Ölfuss veldur stjórn Sorpstöðvar Suðurlands vonbrigðum, þar sem svæði það sem um ræðir er í aðalskipulagi skilgreint sem urðunarstaður og er að mati stjórnar eini staðurinn á Suðurlandi sem kemur til álita sem urðunarstaður. Þessi niðurstaða verður veganesti í viðræðum við Sorpu um framtíðarskipan málaflokksins.

8. Skil hirðingarverktaka á úrgangi til Sorpu.

Stjórn SOS leggur áherslu á að sveitarfélögin og Sorpstöð Suðurlands fái upplýsingar frá hirðingarverktökum um magn sorps í hverjum flokki fyrir sig.

9. Orkugerðin ehf: Staða mála

Farið var yfir stöðu mála varðandi Orkugerðina sem er í greiðslustöðvun.

10. Sorpa: Framhald samnings um móttöku á úrgangi.

Stjórn óskar eftir framlengingu á samningi til lengri tíma en sex mánaða.

11. Sorpa: Framhald viðræðna um sameiningu.

Samþykkt að óska eftir fundi með viðræðuhópi Sorpu um aðild að samlaginu.

12. Önnur mál.

Engin.

13. Vettvangsferð í Kirkjuháaleigu.

Stjórn að undanskildum Ísólfi Gylfa, sem þurfti að víkja af fundi, fór í vettvangsferð í Kirkjuferjuháaleigu, ásamt Bjarna Guðmundssyni, framkvæmdastjóra SASS og Bárði Árnasyni frá Eflu.

Fundi slitið kl. 19:00.